

636. fundur haldinn þriðjudaginn 29. janúar 2002 kl. 11:30
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík

Mættir:

Tómas Ingi Olrich, formaður
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Hrönn Greipsdóttir, fulltrúi SAF
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Þórunn Gestsdóttir, varafulltrúi Sambands ísl. Sveitarfélaga.
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

1. Fundargerðir 634 og 635. fundar.

Afgreiðsla: Samþykktar.

2. Fjármálaumræða vegna 2002.

Lögð var fram umræðutillaga ferðamálastjóra varðandi fjárhagsáætlun fyrir árið 2002. Í umræðunni kom fram að nokkuð skorti á að nægjanlegt fé væri til stuðnings upplýsingamiðstöðvum og benti formaður á nauðsyn þess að vinna að því til framtíðar að fá 1-2 milljónir til stuðnings litlum upplýsingamiðstöðvum. Að loknum umræðum var fjárhagsáætlun samþykkt og þar er gert ráð fyrir að 1,5 milljónir af fjarveitingu til fjölsótttra ferðamannastaða verð nýtt til rannsókna á þölmörkum ferðamannastaða. Fjárhagsáætlunin verður send samgönguráðherra til afgreiðslu.

3. Bréf Reykjavíkurborgar.

Borist hefur bréf frá Reykjavíkurborg þar sem óskað er eftir tvíþættum viðræðum við Ferðamálaráð ; annars vegar um kaup á hlut ráðsins í Upplýsingamiðstöð ferðamála og hins vegar um fjárstuðning við rekstur upplýsingamiðstöðvar í Reykjavík hliðstætt og við ýmsar upplýsingamiðstöðvar á landinu.

Afgreiðsla: Samþykkt að taka upp viðræður um ofangreinda þætti.

4. Bréf BSÍ

Borist hefur bréf frá BSÍ þar sem óskað er viðræðna við Ferðamálaráð um upplýsingamiðlun í Reykjavík. Þar er m.a. rætt um þann möguleika að flytja núverandi upplýsingamiðstöð í húsnæði BSÍ eða opna sérstaka upplýsingamiðlun þar.

Afgreiðsla: Samþykkt að svara BSÍ á þann hátt að það standi yfir viðræður við Reykjavíkurborg um fyrirkomulag þessara mála og það ráðist af niðurstöðum þeirra viðræðna hvert framhald málsins verði.

5. Önnur mál.

a) Formaður ræddi um vefmál ferðaþjónustunnar og lagði áherslu á að við alla endurskoðun vefmála yrðir þess freistað eftir því sem unnt væri að koma á saræmdu viðmóti vefja hvað varðar Íslandsvefi.

b) Helgi Pétursson gerði að umtalsefni yfirvinnubann flugumferðastjóra og lagði til að ályktað yrði um alvarleika málsins fyrir ferðaþjónustuna.

Afgreiðsla: Samþykkt að vinna að gerð ályktunar með tölvupósti á milli ráðsmanna.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 13:15